

Ályktun um samfélag – menningu og menntun

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 hvetur Alþingi og ráðuneyti til að standa vörð um Sóknaráætlanir landshlutanna og tryggja verulega meira fjármagn til þeirra en gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 og Fjármálaáætlun 2024-2028.

Fjármögnun menningarstofnana og viðburða í héraði á sér að mestu stað í gegnum fjármagn úr Sóknaráætlunum til Uppbyggingasjóða landshlutanna. Það fjármagn hefur rýrnað mikið síðustu ár og útlit fyrir að það rýrni enn meira á næstu árum.

Miklu máli skiptir fyrir sjálfsmynd íbúa að unnt sé að halda úti metnaðarfullum mennta- og menningarstofnunum og fjölbreyttum viðburðum á Vestfjörðum. Í gegnum menningu er sérstaða svæðisins, íbúa þess og sérkenni staða dregin fram bæði fyrir íbúa og gesti.

Menningu má kalla límið í hverju samfélagi og gildi þess að hægt sé að hafa stærstu söfn opin allt árið, að menningarviðburðir séu í boði er ótvírætt bæði fyrir íbúa og gesti. Áningarstaðir sem byggja á menningu geta eins og dæmin sýna um land allt haft mikið aðdráttarafl allt árið um kring og styðja þannig jafnframt markmið um dreifingu ferðamanna um landið og lengingu ferðamannatímabilsins.

Greinargerð:

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi og sértækar byggðaáætlanir fyrir svæðin sem fela í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Í þeim er falin sýn íbúa svæðisins á það hvernig svæðin eigi að þróast næstu ár.

Vestfirðir – 2030

Vestfirðir eru framúrskarandi svæði til að búa, starfa, heimsækja og njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund. Góðir innviðir, öflug samfélagsleg þjónusta og fjölbreytt atvinnulíf sem einkennist af virðingu fyrir umhverfi, samfélagi og auðlindum.

(Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024)

Fyrstu fjögur ár gildandi Sóknaráætlunar Vestfjarða hefur gríðarleg áhersla verið lögð á góða innviði og fjölbreytt atvinnulíf. Mikil áhersla er á að tryggja grunninnviði svæðisins og að stutt sé við atvinnuuppbyggingu. Stórum hluta þeirrar orku sem fer í hagsmunagæslu svæðisins hefur varið í að tryggja að innviðir svæðisins verði að minnsta kosti samkeppnishæfir við aðra landshluta. Nokkur árangur hefur náðst á þessum sviðum þó enn sé nokkuð í land með að öllum markmiðum sé náð.

Til að tryggja að framtíðarsýn um *kraftmikla sköpun, umhverfisvitund, alþjóðlegt þekkingarsamfélag* og *öfluga samfélagslega þjónustu* geti raungerst þarf hið opinbera, sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu að taka höndum saman um aðgerðir á þeim sviðum.

Flutningsmenn: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Ítarefni:

Sameining og samstarf safna á Vestjörðum - samantekt 2021

https://www.vestfirdir.is/static/files/Meningarmal/vestfjardastofa_safnaskyrsla.pdf

Sóknaráætlun Vestfjarða

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraaetlun/soknaraaetlun-vestfjarda-endurskodud-2023.pdf>